

**Ed.**

**911. Framhalds-nefndarátt**

um frumvarp til laga um fasteignamat.

Nefnd sú, er skipuð var í málið í neðri deild, gerði töluverðar breytingartillögur við frumvarp þetta, sem allar voru samþyktaðar. Breytingar þessar eru prentaðar á þingskjölunum 762 og 840 og leyfum vjer oss að vísa háttvirtum deilarmönnum til þeirra.

Helstu breytingarnar eru tvær; önnur að í stað þess að fela yfirskattaneftndunum, sem nú eru, að lagfæra og úrskurða fasteignamötin, þá hefir neðri deild þótt ástæða til að skipaðar væru sjerstakar yfirmatsnefndir og sett nokkur nákvæmari ákvæði um matsneftndirnar. Þetta getum vjer fallist á, Hin aðalbreytingin er sú, að feld hefir verið burtu grein sú, er ákvað hvernig greiða skyldi ábúðarskatt og húsaskatt eftir hinu nýja mati. En ef því er slept, þá verður að greiða skatta þessa eins og nú og þá má eigi setja ákvæði um, að jarðabókin frá 1861 falli úr gildi 1920 og að hin nýja fasteignarbók komi í hennar stað. Vjer höfum því gert breytingartillögu um að setja aftur inn nýja grein um það hvernig ábúðarskatt og húsaskatt skuli greiði eftir hinu nýja mati. Ennfremur er í 8. gr. frumvarpsins ákveðið, að hverri fasteign, sem metin er, skuli lýsa nákvæmlega. Þetta erum vjer hræddir um, að geti gert of mikla fyrirhöfn og kostnað og leggjum því til að dregið sje úr því.

Aðrar breytingatillögur vorar leiða af sjálfu sjer.

Efri deild Alþingis, 10. sept. 1915.

Eiríkur Briem,  
form. og framsögum.

Jón Þorkelsson,  
skrifari.

Guðm. Ólafsson.